



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 23.10.2025
Málsnúmer DMR25050161

Með bréfi, dagsettu 30. nóvember 2023, sendi umboðsmaður Alþingis skýrslu vegna heimsóknar hans á grundvelli OPCAT-eftirlitsins í fangageymslur lögreglustjórans á Suðurlandi á Selfossi. Heimsóknirnar fóru fram 4. og 7.-8. júlí 2023. Í skýrslunni er tilteknum ábendingum og tilmælum beint til dómsmálaráðherra.

Í fimmta kafla skýrslunnar er fjallað um aðbúnað í fangageymslu. Í þeim kafla er þeirri ábendingu og tilmælum beint til dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort það húsnæði sem nú hýsir lögreglustöðina og fangageymsluna fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til eðlis og umfangs starfseminnar. Er þá einkum vísað til þess að húsnæði lögreglustöðvarinnar á Selfossi setur starfsemi lögreglunnar nokkur takmörk, svo sem með tilliti til öryggis, friðhelgi einkalífs vistaðra og starfsaðstöðu.

Hvað snertir húsnæðismál lögreglustöðvarinnar og fangageymslunnar við Hörðuvelli á Selfossi þá eru húsnæðismál einstakra lögregluembætta til skoðunar hjá ráðuneytinu og Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurlandi hafa verið gerðar nauðsynlegar lagfæringar á húsnæðinu í samræmi við þær ábendingar sem komu fram í heimsóknarskýrslu umboðsmanns Alþingis.

Í áttunda kafla skýrslunnar er fjallað um menntun og þjálfun lögreglumanna og þar er þeim tilmælum beint til lögreglustjórans á Suðurlandi, eftir atvikum í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra að tryggja viðunandi þjálfun, fræðslu og sí- og endurmenntun lögreglumanna svo þeir hafi þekkingu á helstu mannréttindaviðmiðum og löggjöf, valdbeitingaraðferðum og skyndihjálpi, og að þar sé tekið fullnægjandi mið af þeim skyldum sem lögregla hefur við vistun handtekinna manna.

Í svari lögreglustjórans á Suðurlandi til ráðuneytisins kom fram að embættið teldi sig fullnægja skilyrðum um þjálfun og fræðslu lögreglumanna í starfi hjá embættinu. Einnig kom fram í svari embættisins að bætt hafi verið við námskeið fyrir afleysingamenn umfjöllun um handtökur, vistun handtekinna og fjallað sérstaklega um nýtt verklag um vistun handtekinna hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi, skyldur lögreglumanna í þeim efnum og mannréttindum vistaðra.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 221/2017 um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu er það hlutverk mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu að halda námskeið fyrir afleysingamenn sem lögreglustjórar hafa heimild til að ráða samkvæmt 5. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þá er lögreglustjórum einnig heimilt að halda slík námskeið með samþykki setursins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurlandi eru haldin vikulöng nýliðanámskeið hjá embættinu og var uppbygging og dagskrá þess unnin í samráði við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar. Námskeiðin eru í stöðugri þróun og á þau koma einnig afleysingamenn frá öðrum lögregluembættum.

Ráðuneytið aflaði upplýsinga hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar um framkvæmd á þjálfun afleysingamanna. Frá því í nóvember 2020 hefur verið til námskeið á kennsluvef mennta- og starfsþróunarsetursins fyrir afleysingamenn í lögreglu þar sem fram koma hæfniviðmið, námsefni, tillögur að dagskrá námsleiða og leiðarvísir fyrir lögregluembættin að vinna með hvað snertir þjálfun nýliða.

Á kennsluvef er meðal annars að finna námskeið sem er hugsað fyrir lögregluembættin til að nota sem grunn við nýliðanámskeiðin en þau eru haldin hjá hverju og einu embætti og á ábyrgð hvers lögregluembættis. Rétt er að taka fram að mennta- og starfspróunarsetur hefur ekki eftirlit með framkvæmdinni sjálfri hjá einstaka lögregluembættum en þetta eru þau viðmið sem lögregluembættin eiga að fylgja. Markmið námskeiðsins er að þjálfar og fræða afleysingafólk svo lögreglumenn geti sinnt störfum sínum og haldið uppi hlutverki lögreglu með fullnægjandi hætti þegar nota þarf afleysingafólk skv. heimild í 5. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Á námskeiðinu fá þátttakendur upplýsingar um hlutverk lögreglunnar, skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Í þeim þætti námskeiðsins þar sem fjallað er um upplýsingaöflun, samskipti, framkomu og siðfræði er meðal annars farið yfir siðareglur lögreglu og í námskeiðshlutanum réttarfar, lög og reglur er fjallað um sakamála- og lögreglulögin. Einnig er stór hluti námskeiðsefnisins tileinkaður kennslu í viðurkenndum valdbeitingaraðferðum lögreglu og meðal annars farið yfir það þegar vista þarf einstaklinga í fangaklefa. Einnig er gert ráð fyrir að eftir námskeiðið búi þátttakendur yfir grunnþekkingu í skyndihjálp.

Dómsmálaráðuneytið tekur undir að auka þurfi þjálfun og formlega handleiðslu afleysingamanna í gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu en samkvæmt svari embættis ríkislögreglustjóra var efni á kennsluvef mennta- og starfspróunarseturs lögreglu yfirfarið í heild sinni áður en námskeið fyrir afleysingafólk hófust síðasta sumar. Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu tók auk þess saman kynningu um vistun handtekinna í fangageymslum lögreglu. Dómsmálaráðuneytið leggur áherslu á að ríkislögreglustjóri og embætti lögreglu stuðli að því að efni kynningarinnar um vistun handtekinna sé kynnt öllum sem ljúka námskeiði fyrir afleysingamenn.

Þeir lögreglumenn sem hafa lokið námi í lögreglufræðum fyrir verðandi lögreglumenn hafa hlotið fræðslu í bóklegum og verklegum hlutum námsins. Bóklegi hluti námsins fer fram hjá Háskólanum á Akureyri og sá verklegi hjá Mennta- og starfspróunarsetri lögreglunnar (MSL). Námið er 120 ECTS einingar á grunnnámsstigi við háskóla. Í náminu eru meðal annars áfangar sem eru sérstaklega tileinkaðir kennslu í helstu lagabálkum sem reynir á í starfi svo sem sakamálaréttarfari og refsirétti. Í verklega hluta námsins, starfsnáminu, sem fer fram hjá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu (MSL) er ítarleg kennsla í valdbeitingaraðferðum lögreglu og er hluti fyrsta starfsnámsáfangans að ljúka bráðaliðanámi. Starfsnámsáfangarnir eru fjórir og í þeim síðasta er starfsnámið tileinkað vettvangsnámi hjá lögregluembætti. Í bóklega áfanganum siðfræði starfsstétta, er farið yfir siðferðisleg álitamál af vettvangi lögreglu þar sem sérstaklega er hugað að skyldum lögreglumanna til að virða og vernda almenn mannréttindi.

Hvað snertir símenntun og fræðslu er rétt að benda á að mennta- og starfspróunarsetur lögreglu (MSL) heldur símenntunar- og sérnámskeið fyrir allt starfsfólk lögreglu sbr. 37. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 3. gr. reglugerðar nr. 221/2017 um mennta- og starfspróunarsetur lögreglu.

Beðist er velvirðingar á hversu dregist hefur að svara erindi umboðsmanns.



Bryndís Helgadóttir

Fyrir hönd ráðherra



Þorvaldur Heiðan Þorsteinsson